AUGLÝSING

um fullgildingu á bráðabirgðasamningi Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur.

Hinn 4. desember 1964 var fullgildingarskjal Íslands að bráðabirgðasamningi Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, sem gerður var í París hinn 11. desember 1953 ásamt viðaukasamningi afhent Evrópuráðinu.

Samningar þessir, sem birtir eru sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari, ganga í gildi að því er varðar Ísland hinn 1. janúar 1965.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. desember 1964.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐASAMNINGUR

Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur.

Með því að ríkisstjórnir þær, sem eru aðilar að samningi þessum og eru meðlimir í Evrópuráðinu,

álíta það takmark Evrópuráðsins að koma á meiri einingu meðal meðlima þess í því skyni meðal annars að greiða fyrir félagslegum framförum þeirra,

staðfesta þá grundvallarreglu, að þegnar hvers einstaks aðila þessa samnings ættu, að því er tekur til laga og reglugerða hvers einstaks hinna aðilanna, varðandi styrki, sem greiddir eru vegna elli, örorku eða eftirlifenda, að njóta sömu aðstöðu og þegnar hins síðar nefnda, en þessi regla er staðfest með samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

staðfesta einnig þá reglu, að þegnar sérhvers samningsaðilanna ættu að njóta góðs af samningum, sem tveir eða fleiri hinna samningsaðilanna hafa gert með sér og varða elli, örorku og eftirlifendur,

vilja koma þessum reglum í framkvæmd með bráðabirgðasamningi, þar til

EUROPEAN INTERIM AGREEMENT

on Social Security Schemes relating to Old Age, Invalidity and Survivors.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its Members for the purpose, among others, of facilitating their social progress;

Affirming the principle that the nationals of any one of the Contracting Parties to this Agreement should receive under the laws and regulations of any other Contracting Party relating to benefits payable in respect of old age, invalidity or survivors, equal treatment with the nationals of the latter, a principle sanctioned by Conventions of the International Labour Organisation;

Affirming also the principle that the nationals of any one of the Contracting Parties should receive the benefits of agreements relating to old age, invalidity and survivors concluded by any two or more of the other Contracting Parties;

Desirous of giving effect to these principles by means of an Interim Agreement

gengið hefur verið frá allsherjarsamþykkt, er byggist á mörgum tvíhliða samningum,

hafa þær orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi skal taka til allra félagslegra tryggingalaga og reglugerða, sem eru í gildi á undirskriftardegi eða síðar kunna að ganga í gildi í einhverjum hluta af landi samningsríkis, og lúta að:
   (a) ellistyrkjum;
   (b) örorkustyrkjum, öðrum en þeim, sem veittir eru samkvæmt reglum um bætur fyrir atvinnuslys;
   (c) styrkjum, sem greiddir eru eftirlifendum, öðrum en dánarbótum og styrkjum, sem veittir eru samkvæmt ákvæðum um atvinnuslys.
2. Samningur þessi skal taka til ákvæða um gjaldskylda og gjaldfrjálsa styrki. Hann skal ekki taka til framfærslustyrkja, sérstakra ákvæða, er taka til manna í opinberri þjónustu, né heldur styrkja, sem greiddir eru vegna slysa af völdum stríðs eða erlendrar hersetu.
3. Í samningi þessum tekur orðið „styrkur" einnig til hækkunar og viðbótar styrksins.
4. Orðin „þegnar" og „land" samningsríkis skulu hafa þá merkingu, sem það samningsríki gefur þeim í yfirlýsingu, sem stíluð er til aðalritara Evrópuráðsins og hann sendir öllum öðrum samningsríkjum.

2. gr.

1. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 9. greinar, skal þegn sérhvers samningsríkis eiga rétt á að njóta góðs af lögum og reglugerðum hvers einstaks hinna samningsríkjanna með sömu skilyrðum og væri hann þegn hins síðarnefnda með því skilyrði:
   (a) að þegar um er að ræða örorkustyrk samkvæmt reglum um annaðhvort gjaldfrjálsa eða gjaldskylda styrki, hafi hann

pending the conclusion of a general convention based on a network of bilateral agreements,

Have agreed as follows:

Article 1

1. This Agreement shall apply to all social security laws and regulations which are in force at the date of signature or may subsequently come into force in any part of the territory of the Contracting Parties and which relate to:
   (a) benefits in respect of old age;
   (b) benefits in respect of invalidity, other than those awarded under an employment injury scheme;
   (c) benefits payable to survivors, other than death grants or benefits awarded under an employment injury scheme.

2. This Agreement shall apply to schemes of contributory and noncontributory benefits. It shall not apply to public assistance, special schemes for civil servants or benefits paid in respect of war injuries or injuries due to foreign occupation.

3. For the purpose of this Agreement the word "benefit" shall include any increase in or supplement to the benefit.

4. The terms "nationals" and "territory" of a Contracting Party shall have the meaning assigned to them by such a Party in a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe for communication to all other Contracting Parties.

Article 2

1. Subject to the provisions of Article 9, a national of any one of the Contracting Parties shall be entitled to receive the benefits of the laws and regulations of any other of the Contracting Parties under the same conditions as if he were a national of the latter, provided that:

   (a) in the case of invalidity benefit under either a contributory or non-contributory scheme he had become ordinarily resident in the territory of the

tekið upp reglulega búsetu í landi síðarnefnda samningsaðilans, áður en fyrsta vottorð læknis um sjúkdóm þann, er örorkunni olli, var út gefið,

(b) að þegar um er að ræða styrki, sem greiddir eru samkvæmt reglum um gjaldfrjálsa styrki, hafi hann búið í því landi samanlagt ekki skemur en fimmtán ár, eftir að hann varð tvítugur, hafi búið þar reglulega og óslitið í a. m. k. fimm árin næstu áður en krafan um styrkinn er gerð og haldi áfram reglulegri búsetu þar,

(c) að þegar um er að ræða styrki, sem greiddir eru samkvæmt reglum um gjaldskylda styrki, sé hann búsettur í landi einhvers samningsríkjanna.

2. Nú takmarka lög eða reglugerðir einhvers samningsríkis rétt þegna sinna, sem ekki eru fæddir í landi þess, og skal þá þegn sérhvers hinna samningsríkjanna, sem fæddur er í landi hins síðarnefnda, jafnan sæta sömu kjörum og hann nyti, ef hann væri þegn fyrrnefnda samningsríkisins og fæddur í landi þess.

3. gr.

1. Sérhver samningur, sem tvö eða fleiri samningsríkjanna hafa gert með sér eða kunna að gera og varðar lög þau og reglugerðir, er nefnd eru í 1. grein, skal með takmörkunum þeim, sem leiðir af ákvæðum 9. greinar, taka til þegna sérhvers hinna samningsríkjanna, sem væru þeir þegnar einhvers fyrri samningsríkjanna, að svo miklu leyti sem hann í sambandi við þessi lög og reglugerðir kveður á um:

(a) samkvæmt hvaða lögum og reglugerðum maður skuli tryggður;

(b) að varðveita áunninn rétt og rétt, sem verið er að öðlast, sérstaklega um að leggja saman tryggingatímabil og jafngild tímabil til þess að öðlast rétt til

latter Contracting Party before the first medical certification of the sickness responsible for such invalidity;

(b) in the case of benefit payable under a non-contributory scheme, he has been resident in that territory for a period in the aggregate of not less than fifteen years after the age of twenty, has been ordinarily resident without interruption in that territory for at least five years immediately preceding the claim for benefit and continues to be ordinarily resident in that territory;

(c) in the case of benefit payable under a contributory scheme, he is resident in the territory of any one of the Contracting Parties.

2. In any case where the laws and regulations of any one of the Contracting Parties impose a restriction on the rights of a national of that Party who was not born in its territory, a national of any other of the Contracting Parties born in the territory of the latter shall be treated as if he were a national of the former Contracting Party born in its territory.

Article 3

1. Any agreement relating to the laws and regulations referred to in Article 1 which has been or may be concluded by any two or more of the Contracting Parties shall, subject to the provisions of Article 9, apply to a national of any other of the Contracting Parties as if he were a national of one of the former Parties insofar as it provides, in relation to those laws and regulations:

(a) for determining under which laws and regulations a person should be insured;

(b) for maintaining acquired rights and rights in course of acquisition and, in particular, for adding together insurance periods and equivalent periods for the purpose of establish-

styrkja, og hvernig reikna skuli styrki, sem greiða ber;

(c) greiðslu styrkja til manna, sem búa í landi einhvers aðila að slíkum samningi;

(d) uppfyllingu og framkvæmd ákvæða slíkra samninga, sem vitnað er til í þessari grein.

2. Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skulu ekki taka til neinna ákvæða nefnds samnings, sem varða styrki, sem veittir eru án þess, að til þeirra sé goldið, nema hlutaðeigandi þegn hafi verið búsettur í landi þess samningsaðila, eftir hvers lögum og reglugerðum hann krefur styrk, eigi skemur en fimmtán ár, eftir að hann varð tvítugur, og hafi búið þar reglulega og óslitið í a. m. k. fimm árin næstu áður en krafan um styrk var gerð.

4. gr.

Að teknu tilliti til ákvæða viðeigandi samninga milli tveggja eða fleiri aðila, skulu styrkir þeir, sem ekki hafa verið veittir eða hætt hefur verið að veita, vegna þess, að þessi samningur var ekki fyrir hendi, veittir eða veiting þeirra tekin upp á ný frá gildistöku þessa samnings, að því er tekur til allra samningsaðila, sem umrædd krafa varðar, enda sé krafa til þeirra gerð innan árs frá gildistökunni eða innan lengri frests, sem ákveðinn kann að vera af samningsríki, samkvæmt hvers lögum og reglugerðum styrkurinn er krafinn. Ef krafan er ekki komin fram innan þess tíma, skal styrkurinn veittur eða veiting hans tekin upp á ný frá þeim degi, er krafan var gerð, eða frá öðru liðnu tímamarki, sem ákveðið kann að vera af hlutaðeigandi samningsaðila.

5. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki skerða ákvæði neinna þeirra landslaga eða reglugerða, milliþjóðasamþykkta né samninga tveggja eða fleiri aðila, sem hagkvæmari eru styrkþeganum.

ing the right to receive benefit and calculating the amount of benefit due;

(c) for paying benefit to persons residing in the territory of any one of the Parties to such agreement;

(d) for supplementing and administering the provisions of such agreement referred to in this paragraph.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not apply to any provision of the said agreement which concerns benefits provided under a non-contributory scheme, unless the national concerned has been resident in the territory of the Contracting Party under whose laws and regulations he claims benefit for a period in the aggregate of not less than fifteen years after the age of twenty and has been ordinarily resident without interruption in that territory for a period of at least five years immediately preceding the claim for benefit.

Article 4

Subject to the provisions of any relevant bilateral and multilateral agreements, benefits which in the absence of this Agreement have not been awarded, or have been suspended, shall be awarded or reinstated from the date of the entry into force of this Agreement for all the Contracting Parties concerned with the claim in question, provided that the claim thereto is presented within one year after such date or within such longer period as may be determined by the Contracting Party under whose laws and regulations the benefit is claimed. If the claim is not presented within such period, the benefit shall be awarded or reinstated from the date of the claim or such earlier date as may be determined by the latter Contracting Party.

Article 5

The provisions of this Agreement shall not limit the provisions of any national laws or regulations, international conventions, or bilateral or multilateral agreements which are more favourable for the beneficiary.

6. gr.

Samningur þessi skal ekki hafa áhrif á þau ákvæði landslaga eða reglugerða, sem fjalla um þátttöku hinna tryggðu og annarra hlutaðeigandi manna í stjórn félagslegra trygginga.

Article 6

This Agreement shall not affect those provisions of national laws or regulations which relate to participation of insured persons, and of other categories of persons concerned, in the management of social security.

7. gr.

1. Fylgiskjal I með samningi þessum greinir, að því er snertir hvert samningsríki, þau félagsleg tryggingalög, sem 1. gr. tekur til og eru í gildi í einhverjum hluta landssvæðis þess á undirskriftardegi samnings þessa.
2. Hvert samningsríki skal tilkynna aðalritara Evrópuráðsins sérhver ný lög eða reglugerð þeirrar tegundar, sem ekki er tiltekin í fylgiskjali I, að því er snertir þann aðila. Slíkar tilkynningar skal hver samningsaðili senda innan þriggja mánaða frá birtingu hinna nýju laga eða reglugerðar eða ef slík lög eða reglugerð eru birt áður en samningur þessi var fullgiltur af hlutaðeigandi aðila, þá á þeim degi, er fullgilding fer fram.

Article 7

1. Annex I to this Agreement sets out in relation to each Contracting Party the social security schemes to which Article 1 applies which are in force in any part of its territory at the date of signature of this Agreement.
2. Each Contracting Party shall notify the Secretary-General of the Council of Europe of every new law or regulation of a type not included in Annex I in relation to that Party. Such notifications shall be made by each Contracting Party within three months of the date of publication of the new law or regulation, or if such law or regulation is published before the date of ratification of this Agreement by the Contracting Party concerned, at that date of ratification.

8. gr.

1. Fylgiskjal II með samningi þessum tilgreinir, að því er snertir hvern samningsaðila, samninga þá, sem hann hefur gert, 3. gr. tekur til og í gildi eru á undirskriftardegi samnings þessa.
2. Hver samningsaðili skal tilkynna aðalritara Evrópuráðsins sérhvern nýjan samning, sem hann gerir og 3. gr. tekur til. Slíka tilkynningu skal hver samningsaðili gefa innan þriggja mánaða frá gildistöku samningsins, eða ef slíkur samningur hefur gengið í gildi, áður en fullgilding þessa samnings fór fram, þá skal hún gerð á fullgildingardegi hans.

Article 8

1. Annex II to this Agreement sets out in relation to each Contracting Party the agreements concluded by it to which Article 3 applies which are in force at the date of signature of this Agreement.

2. Each Contracting Party shall notify the Secretary-General of the Council of Europe of every new agreement concluded by it to which Article 3 applies. Such notification shall be made by each Contracting Party within three months of the date of coming into force of the agreement, or if such new agreement has come into force before the date of ratification of this Agreement, at that date of ratification.

9. gr.

1. Fylgiskjal III með samningi þessum tilgreinir þá fyrirvara í sambandi við hann, sem gerðir eru á undirskriftardegi.

Article 9

1. Annex III to this Agreement sets out the reservations hereto made at the date of signature.

2. Hver samningsaðili getur, um leið og hann gefur tilkynningu í samræmi við 7. eða 8. gr., gert fyrirvara um, að hve miklu leyti þessi samningur taki til laga, reglugerða eða samninga, sem vitnað er til í slíkri tilkynningu. Yfirlýsing um sérhvern slíkan fyrirvara skal fylgja viðeigandi tilkynningu. Hún skal gilda frá gildistökudegi hinna nýju laga, reglugerðar eða samnings.

3. Hver samningsaðili getur afturkallað að öllu eða nokkru leyti hvern þann fyrirvara, sem hann hefur gert. Skal það gert með tilkynningu þess efnis, er stíluð sé til aðalritara Evrópuráðsins. Slík tilkynning gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að henni er veitt viðtaka, og um gildi þessa samnings fer í samræmi við það.

10. gr.

Fylgiskjöl samnings þessa skulu vera óskiptur hluti hans.

11. gr.

1. Þar sem nauðsynlegt er, skulu samningar milli þar til bærra stjórnvalda samningsaðila skera úr um það, með hverju móti samningur þessi skuli framkvæmdur.
2. Rétt stjórnvöld hlutaðeigandi samningsaðila skulu leitast við að leysa með samningum hverja þá misklíð, er varðar skýringu eða framkvæmd þessa samnings.
3. Hafi slík misklíð ekki verið leyst með samningum innan þriggja mánaða, skal misklíðinni skotið til úrskurðar gerðardóms, en skipan hans og starfshættir skulu samþykkt af samningsaðilum þeim, sem hlut eiga að máli. Ef slíkt samkomulag næst ekki innan þriggja mánaða þar frá, skal misklíðinni skotið til gerðardómara, sem forseti Alþjóðadómstólsins kýs að beiðni einhvers hlutaðeigandi samningsaðila. Sé forsetinn þegn einhvers deiluaðila, skal

2. Any Contracting Party may, at the time of making a notification in accordance with Article 7 or Article 8, make a reservation in respect of the application of the present Agreement to any law, regulation or agreement which is referred to in such notification. A statement of any such reservation shall accompany the notification concerned; it will take effect from the date of entry into force of the new law, regulation or agreement.

3. Any Contracting Party may withdraw either in whole or in part any reservation made by it by a notification to that effect addressed to the Secretary-General of the Council of Europe. Such notification shall take effect on the first day of the month following the month in which it is received, and this Agreement shall apply accordingly.

Article 10

The Annexes to this Agreement shall constitute an integral part of this Agreement.

Article 11

1. Arrangements, where necessary, between the competent authorities of the Contracting Parties shall determine the methods of implementation of this Agreement.

2. The competent authorities of the Contracting Parties concerned shall endeavour to resolve by negotiation any dispute relating to the interpretation or application of this Agreement.

3. If any such dispute has not been resolved by negotiation within a period of three months, the dispute shall be submitted to arbitration by an arbitral body whose composition and procedure shall be agreed upon by the Contracting Parties concerned, or, in default of such agreement, within a further period of three months, by an arbitrator chosen at the request of any of the Contracting Parties concerned by the President of the International Court of Justice. Should the latter be a national of one of the Parties

þetta falið varaforseta dómsins eða þeim dómara, sem næstur er honum að embættisaldri og ekki er þegn neins deiluaðila.

4. Úrskurður gerðardóms eða gerðardómara, eftir því um hvort er að ræða, skal felldur í samræmi við grundvallarreglur og anda þessa samnings, og skal hann vera endanlegur og bindandi.

to the dispute, this task shall be entrusted to the Vice-President of the Court or to the next judge in order of seniority not a national of one of the Parties to the dispute.

4. The decision of the arbitral body, or arbitrator, as the case may be, shall be made in accordance with the principles and spirit of this Agreement and shall be final and binding.

12. gr.

Nú segir einhver samningsaðila samningnum upp, og skulu þá:

(a) hver þau réttindi, sem maður hefur áunnið sér í samræmi við ákvæði hans, haldast, sér í lagi skal hann halda þeim rétti, sem hann hefur öðlazt í samræmi við ákvæði samningsins til þess að fá styrk eftir lögum og reglugerðum eins samningsaðila, meðan hann er búsettur í landi annars,

(b) ákvæði þessa samnings gilda áfram um tryggingatímabil og samsvarandi tímabil, sem lokið er, áður en uppsögnin gengur í gildi. Þetta er þó háð þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í viðaukasamningum milli hlutaðeigandi samningsaðila um réttindi, sem þá er verið að öðlast.

Article 12

In the event of the denunciation of this Agreement by any of the Contracting Parties,

(a) any right acquired by a person in accordance with its provisions shall be maintained and, in particular, if he has, in accordance with its provisions, acquired the right to receive any benefit under the laws and regulations of one of the Contracting Parties while he is resident in the territory of another, he shall continue to enjoy that right;

(b) subject to any conditions which may be laid down by supplementary agreements concluded by the Contracting Parties concerned for the settlement of any rights then in course of acquisition, the provisions of this Agreement shall continue to apply to insurance periods and equivalent periods completed before the date when the denunciation becomes effective.

13. gr.

1. Öllum ríkjum, sem eru meðlimir Evrópuráðsins, skal heimilt að undirrita samning þenna. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjölum skal komið fyrir til varðveizlu hjá aðalritara Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi skal ganga í gildi fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að annað fullgildingarskjalið var afhent.

3. Að því er tekur til aðildarríkis, sem hefur undirritað samninginn, en fullgildir hann síðar, skal hann ganga í

Article 13

1. This Agreement shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe. It shall be ratified. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

2. This Agreement shall come into force on the first day of the month following the date of deposit of the second instrument of ratification.

3. As regards any Signatory ratifying subsequently, the Agreement shall come into force on the first day of the month

gildi fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að það hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

14. gr.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur boðið hvaða ríki sem er utan Evrópuráðsins að gerast aðili að þessum samningi.
2. Aðildin skal framkvæmd á þann hátt, að staðfestingarskjal afhendist aðalritara Evrópuráðsins, og skal hún ganga í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu þess.
3. Hverri staðfestingu á aðild samkvæmt þessari grein skulu fylgja þær upplýsingar, sem verið mundu hafa í fylgiskjölum I og II með þessum samningi, ef stjórn hlutaðeigandi ríkis hefði verið búin að undirrita hann, þegar hún gerðist aðili.
4. Að því er tekur til samnings þessa, skulu allar upplýsingar, sem gefnar eru í samræmi við 3. tölulið þessarar greinar, taldar hluti þess fylgiskjals, sem þær hefðu verið skráðar á, ef ríkisstjórn hlutaðeigandi ríkis hefði undirritað hann.

15. gr.

Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna:

(a) meðlimum ráðsins og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,
  (i) gildistökudag þessa samnings og nöfn allra aðildarríkja, sem fullgilda hann,
  (ii) afhendingu allra staðfestingarskjala í samræmi við 14. gr. og þær yfirlýsingar, sem þeim fylgja,
  (iii) allar yfirlýsingar, sem berast í samræmi við 16. grein, og hvenær þær ganga í gildi,
(b) samningsaðilum og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,
  (i) allar yfirlýsingar, sem berast í samræmi við 7. og 8. grein,

following the date of the deposit of its instrument of ratification.

Article 14

1. The Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council of Europe to accede to this Agreement.
2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the Council of Europe, which shall take effect on the first day of the month following the date of deposit.
3. Any instrument of accession deposited in accordance with this Article shall be accompanied by a notification of such information as would be contained in the Annexes I and II to this Agreement if the Government of the State concerned were, on the date of accession, a Signatory hereto.
4. For the purposes of this Agreement any information notified in accordance with paragraph 3 of this Article shall be deemed to be part of the Annex in which it would have been recorded if the Government of the State concerned were a Signatory hereto.

Article 15

The Secretary-General of the Council of Europe shall notify:

(a) the Members of the Council and the Director-General of the International Labour Office
  (i) of the date of entry into force of this Agreement and the names of any Members who ratify it,
  (ii) of the deposit of any instrument of accession in accordance with Article 14 and of such notifications as are received with it,
  (iii) of any notification received in accordance with Article 16 and its effective date;
(b) the Contracting Parties and the Director-General of the International Labour Office
  (i) of any notifications received in accordance with Articles 7 and 8,

(ii) alla fyrirvara, sem gerðir eru í samræmi við 2. tölulið 9. greinar,
(iii) afturköllun fyrirvara í samræmi við 3. tölulið 9. greinar.

(ii) of any reservation made in accordance with paragraph 2 of Article 9,
(iii) of the withdrawal of any reservation in accordance with paragraph 3 of Article 9.

16. gr.

Samningur þessi skal gilda um tveggja ára skeið, talið frá gildistökudegi hans í samræmi við 2. tölulið 13. greinar. Síðan framlengist hann jafnan frá ári til árs, að því er tekur til þeirra samningsaðila, sem ekki segja honum upp með tilkynningu þar um stílaðri til aðalritara Evrópuráðsins eigi síðar en annaðhvort sex mánuðum fyrir lok hins upphaflega tveggja ára tímabils eða jafnlöngu fyrir lok hvers eftirfarandi árs miðað við gildistökudag. Slík tilkynning öðlast gildi í lok þess tímabils, sem hún tekur til.

Article 16

This Agreement shall remain in force for a period of two years from the date of its entry into force in accordance with paragraph 2 of Article 13. Thereafter it shall remain in force from year to year for such Contracting Parties as have not denounced it by a notification to that effect addressed to the Secretary-General of the Council of Europe at least six months before the expiry either of the preliminary two-year period, or of any subsequent yearly period. Such notification shall take effect at the end of the period to which it relates.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þenna samning.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gert í París á 11. degi desembermánaðar árið 1953, á ensku og frönsku — hvorir tveggja textarnir jafngildir — í einu eintaki, sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritarinn skal senda staðfest afrit til sérhvers ríkis, sem undirritað hefur samninginn, enn fremur til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Done at Paris, this 11th day of December, 1953, in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain in the archives of the Council of Europe and of which the Secretary-General shall send certified copies to each of the Signatories and to the Director-General of the International Labour Office.

VIÐAUKI

við bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur.

Með því að ríkisstjórnir þær, er undirrita viðauka þenna og eru aðilar að Evrópuráðinu,

hafandi í huga ákvæði bráðabirgðasamnings Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, þess er undirritaður var í París þann 11. desember 1953 (hér fram-

PROTOCOL

to the European Interim Agreement on Social Security Schemes relating to Old Age, Invalidity and Survivors.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Having regard to the provisions of the European Interim Agreement on Social Security Schemes relating to Old Age, Invalidity and Survivors, signed at Paris, on the 11th day of December, 1953

vegis nefndur „aðalsamningurinn“), og

hafandi í huga ákvæði samþykktarinnar um stöðu flóttamanna, þeirrar er undirrituð var í Genf þann 28. júlí 1951 (hér framvegis nefnd „samþykktin“),

óska að rýmka ákvæði aðalsamningsins, svo að þau taki til flóttamanna samkvæmt skilgreiningu samþykktarinnar,

hafa þær samþykkt það, er hér greinir:

1. gr.

Í viðauka þessum skal orðið „flóttamaður“ hafa þá merkingu, sem því er ákveðin í 1. gr. samþykktarinnar, með því skilyrði, að hver samningsaðili skal gefa yfirlýsingu, þegar hann undirritar eða fullgildir viðaukann eða gerist aðili að honum, er tiltaki, hverja þeirra merkinga, sem greindar eru í málsgrein B í 1. gr. samþykktarinnar, hann velur sér til skuldbindingar samkvæmt viðauka þessum, nema umræddur aðili hafi þegar gefið slíka yfirlýsingu, þegar hann undirritaði eða fullgilti samþykktina.

2. gr.

Ákvæði aðalsamningsins skulu gilda um flóttamenn með sömu skilyrðum og þau gilda um þegna þeirra aðildarríkja, er að samningnum standa, að því athuguðu, að 3. gr. samningsins skal því aðeins gilda um flóttamenn, að aðildarríki að samningum þeim, er greinin lýtur að, hafi fullgilt viðaukann eða gerzt aðilar að honum.

3. gr.

1. Þeim aðildarríkjum að Evrópuráðinu, er undirritað hafa aðalsamninginn, skal vera heimilt að undirrita viðauka þenna. Hann krefst fullgildingar.

2. Sérhvert það ríki, er gerzt hefur aðili að aðalsamningnum, skal hafa rétt til þess að gerast aðili að viðauka þessum.

3. Viðauki þessi skal ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur

(hereinafter referred to as "the principal Agreement");

Having regard to the provisions of the Convention relating to the Status of Refugees signed at Geneva on 28th July, 1951 (hereinafter referred to as "the Convention");

Being desirous of extending the provisions of the principal Agreement so as to apply to refugees as defined in the Convention,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Protocol the term "refugee" shall have the meaning ascribed to it in Article 1 of the Convention, provided that each Contracting Party shall make a declaration at the time of signature or ratification hereof or accession hereto, specifying which of the meanings set out in paragraph B of Article 1 of the Convention it applies for the purpose of its obligations under this Protocol, unless such Party has already made such a declaration at the time of its signature or ratification of the Convention.

Article 2

The provisions of the principal Agreement shall apply to refugees under the same conditions as they apply to the nationals of the Contracting Parties thereto, provided that Article 3 of that Agreement shall apply to refugees only in cases where the Contracting Parties to the agreements to which that Article refers have ratified this Protocol or acceded thereto.

Article 3

1. This Protocol shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe who have signed the principal Agreement. It shall be ratified.

2. Any state which has acceded to the principal Agreement may accede to this Protocol.

3. This Protocol shall come into force on the first day of the month following

hefst eftir að annað fullgildingarskjalið var afhent til varðveizlu.

4. Að því er varðar ríki, sem undirritað hefur og síðar fullgildir viðaukann, eða ríki, sem gerist aðili að honum, þá skal hann ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst, eftir að fullgildingar- eða aðildarskjalið var afhent til varðveizlu.

5. Fullgildingar- og aðildarskírteini skulu afhent aðalritara Evrópuráðsins til varðveizlu, og skal hann tilkynna aðilum ráðsins, ríkjum, sem gerast aðilar, og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar nöfn þeirra, er fullgilt hafa eða gerzt aðilar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þenna viðauka.

Gert í París þann 11. dag desembermánaðar 1953 á ensku og frönsku, hvor tveggja textinn jafngildur, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og skal aðalritarinn senda staðfest eftirrit til hvers þess ríkis, er undirritað hefur viðaukann, og til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

the date of deposit of the second instrument of ratification.

4. As regards any Signatory ratifying subsequently, or any acceding State, the Protocol shall come into force on the first day of the month following the date of the deposit of its instrument of ratification or accession.

5. Instruments of ratification and accession shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe, who shall notify the Members of the Council, acceding States and the Director-General of the International Labour Office of the names of those who have ratified or acceded.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Paris, this 11th day of December, 1953, in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain in the archives of the Council of Europe and of which the Secretary-General shall send certified copies to each of the Signatories and to the Director-General of the International Labour Office.

8. desember. Nr. 13.

AUGLÝSING

um fullgildingu á bráðabirgðasamningi Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur.

Hinn 4. desember 1964 var fullgildingarskjal Íslands að bráðabirgðasamningi Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur, sem gerður var í París hinn 11. desember 1953 ásamt viðaukasamningi afhent Evrópuráðinu.

Samningar þessir, sem birtir eru sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari, ganga í gildi að því er varðar Ísland hinn 1. janúar 1965.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. desember 1964.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.